



Alþingi
Erindi nr. P 131/90
komudagur 12.11.2004

Fjárlaganefnd Alþingis
Hr. Magnús Stefánsson, form.

Reykjavík, 12. nóvember 2003.

Með vísan til bréfs yðar, dags. 12. og 18. október 2003, sendist yður hér með álit meiri hluta samgöngunefndar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004.

F.h. formanns samgöngunefndar,

Stefán Arni Auðólfsson, nefndarritari.



Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf formanns fjárlaganefndar frá 12. og 18. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Halldór S. Kristjánsson og Odd Einarsson frá samgönguráðuneyti og gerðu þeir grein fyrir þeim liðum frumvarpsins sem snerta ráðuneytið. Að auki komu á fund nefndarinnar Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri ásamt Kristjáni Vigfússyni til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verksviði Siglingamálastofnunar, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri ásamt Sigrúnu Traustadóttur til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verkefnum Flugmálastofnunar og Jón Rögnvaldsson til að ræða þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að vegamálum.

Meiri hluti samgöngunefndar vekur athygli á að Siglingastofnun telur að hækka þurfi greiðslur úr ríkissjóði frá því sem nú er gert ráð fyrir í frumvarpinu um 27 millj. kr. Á árinu 2004 færðist tæknilegur hluti skipaskoðunar frá Siglingastofnun til einkarekinna skoðunarstofa og flokkunarfélaga. Við það féllu niður tekjur stofnunarinnar vegna þessa en hluti kostnaðar hefur haldist og mun gera um sinn, svo sem vegna uppgjörs við starfsfólk og leigu á húsnæði. Þá bentu fulltrúar Siglingastofnunar á að þeir teldu rétt að sundurliða nánar hvað sett er undir Almennur rekstur í liðnum 10-335 auk þess sem þeir leggja til að færðar verði 15 millj. kr. frá liðnum 10-335-6.01 Tæki og búnaður yfir í almennan rekstur. Meiri hlutinn telur það á verksviði fjárlaganefndar að taka afstöðu til þessara athugasemda. Hann mælir þó með að tillaga fulltrúa Siglingastofnunar um nánari sundurliðun liða verði tekin til greina svo fremi það raski ekki samræminu og samanburði við aðra sambærilega liði fjárlagafrumvarpsins.

Á fundi með fulltrúum Flugmálastjórnar komu fram nokkrar athugasemdir sem meiri hlutinn telur að fjárlaganefnd beri að skoða í fjárlagavinnunni. Þar nefnir meiri hlutinn helst athugasemd flugmálastjórnar um að gjaldaheimildir verði veittar til að ráðstafa ríkistekjum til brýnna verkefna vegna aukinna alþjóðlegra krafna og að fullnægjandi lánsfjárheimild verði veitt alþjóðaflugþjónustunni. Þá kom fram á fundi með fulltrúum Flugmálastjórnar að þeir telja mikilvægt að beint framlag ríkisins til flugmála haldist óbreytt í framtíðinni en að leiðréttá eigi í fjárukalögum 2004 og fjárlögum 2005 lækkun framlagsins frá fjárukalögum 2003.

Gestir nefndarinnar töldu sig hafa gert fjárlaganefnd grein fyrir athugasemdum sem komu fram á fundum vegna málsins.

Nefndin hefur, með vísan til framangreinds bréfs formanns fjárlaganefndar frá 18. október

sl., ekki tekið til skoðunar skiptingu á lið 10-190-1.90 Ýmislegt svo sem venja er til. Meiri hlutinn fagnar að vinna við skiptingu á þessum lið og önnur samskipti fastanefnda og fjárlaganefndar sé tekin til endurskoðunar.

Meiri hlutinn gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Hilmar Gunnlaugsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara þar sem hann situr fundi samgöngunefndar og einnig fundi fjárlaganefndar í fjarveru Arnbjargar Sveinsdóttur.

Alþingi, 12. nóv. 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form.

Hjálmar Árnason.

Guðjón Hjörleifsson.

Hilmar Gunnlaugsson, með fyrirvara.

Dagný Jónsdóttir.
